

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, svæði norðan og austan Glerárkirkju.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Landnotkun á reit við Bugðusíðu, milli lóðar Bjargs og Glerárkirkju, breytist úr stofn-
anasvæði í íbúðarsvæði.

Óbyggt, almennt útivistarsvæði við Arnarsíðu, austan lóðar Glerárkirkju, breytist í
íbúðarsvæði.

Lögun íbúðarsvæðis við Lindasíðu breytist þannig að suðausturhorn þess verði að
almennu útivistarsvæði.

Austurhluti stofnstígs milli Bugðusíðu og Hlíðarbrautar færist norður þannig að hann
liggi gegnum íbúðarsvæði við Lindasíðu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og
samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfest-
ingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.